

**9. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, þriðjudaginn 28. apríl 2015
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Sigurvin Hreiðarsson (SH) formaður, Aðalsteinn Magnússon (AM) aðalmaður, Lilja Magnúsdóttir (LI) aðalmaður, Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG) skipulagsfulltrúi og Elfar Steinn Karlsson (ESK) embættismaður.

Fundargerð ritaði: Elfar Steinn Karlsson,

Óskar Örn Gunnarsson, skipulagsfulltrúi viðstaddur í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá:

1. 1504053 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir eldiskerjum.

Umsókn um byggingarleyfi frá Jens K. Bernharðssyni f.h. Tungusilungs. Sótt er um byggingarleyfi fyrir 4 eldiskerjum á Keldeyri í landi Eysteinsæyrar. Umsókn er í samræmi við gildandi deiliskipulag svæðisins. Erindinu fylgja teikningar unnar af Jens K. Bernharðssyni, dags. 27.04.2015.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa útgáfu byggingarleyfis.

2. 1504052 - Umsókn um framkvæmdaleyfi - lagning hitaveitulagnar.

Erindi frá Tálknafjarðarhrepp. Sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu hitaveitulagnar frá Sundlaug að Hrafnadalsvegi, ca 1km. Lögnin fylgir Tálknafjarðarvegi. Erindinu fylgir uppdráttur unninn af tækniþjónustu Ragnars G. Gunnarssonar, dags. 27.04.2015.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd bendir á að framkvæmdin sé minniháttar, þar sem nýttur verði núverandi skurður vatnslagnar, en endurnýjun hennar stendur nú yfir.

Lagnastæði liggur í vegkanti og raskast þ.a.l. ekki annað land en vegflái. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd metur sem svo að framkvæmdin sé undanþegin framkvæmdaleyfi.

framkvæmdin er af þeirri stærð að er undanþegin framkvæmdaleyfi og felur skipulagsfulltrúa útgáfu framkvæmdaleyfis.

3. 1405020 - N1, uppgröftur geyma - Strandgata 28.

Á fundi byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar 16.mars s.l. beindi nefndin því til sveitarstjórnar að lagðar yrðu sektir á húseiganda ef ekki yrði bætt úr, húsið rífið innan 20 almanaksdaga. Nú er komið á annan mánuð frá þessari bókun og ástand húseignarinnar óbreytt, og er það óviðunandi.

Byggingar- skipulags- og umhverfisnefnd beinir því til sveitarstjórnar að lagðar verði á dagsektir, sem miðist við áður ákveðna dagsetningu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____